

Byggðastofnun
Ártorgi 1
550 Sauðárkróki

Búðardal, 26. mars 2024

Efni: Umsögn/viðbrögð Dalabyggðar vegna fyrirhugaðrar breytingar Íslandspósts á póstafréiðslu í Búðardal.

Byggðarráð Dalabyggðar tók til umfjöllunar á 320. fundi sínum, sem haldinn var þann 18. mars sl., beiðni Byggðastofnunar, dagsett 15. mars 2024, um umsögn sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðra breytinga á póstpjónustu í Búðardal ásamt erindi Íslandspósts. Byggðarráð fól undirrituðum að útbúa umsögn og senda vegna fyrirhugaðra breytinga á afgreiðslu Íslandspósts.

Undirritaður vill benda á þann tvískinnung sem um er að ræða í ljósi ferli máls. Byggðastofnun ber skv. ákvæði 5. gr. reglna nr. 504/2003, 4. mgr. að leita umsagnar sveitarstjórna varðandi þau atriði sem talin eru upp í 2. mgr. fyrrgreindra reglna og Byggðastofnun skal leggja til grundvallar við mat á beiðni. Ástæða þess að ég nefni að um tvískinnung sé að ræða í ferli máls er m.a. það að búið er að tilkynna starfsmönnum um lokun og að hún taki gildi þann 1. júní n.k. sem og það að viðskiptavinir/notendur póstpjónustu í Dalabyggð fengu sendan tölvupóst frá fyrirtækinu þann 15. mars þar sem tilkynnt er um fyrirhugaðar breytingar á póstpjónustu í Búðardal. Frestur sveitarfélagsins til að skila inn umsögn til Byggðastofnunar er til 5. apríl n.k. þannig að röð atburða er sérkennileg hvað t.a.m. þetta varðar.

Sveitarfélagið Dalabyggð vill koma eftirfarandi sjónamiðum á framfæri við Byggðastofnun hvað þessa fyrirhuguðu lokun pósthússins í Búðardal á framfæri:

Við hörmum ákvörðun Íslandspósts um lokun starfsstöðvarinnar í Búðardal. Það eru skv. upplýsingum um að ræða niðurlagningu 1,2 stöðugilda sem er svo sannarlega skarð í atvinnulíf svæðisins sem er þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir í samstarfi við Byggðastofnun. Það var ekki að ástæðulausu sem sveitarstjórn Dalabyggðar ákvað að sækja um aðild af því verkefni í ljósi þess að íbúum í Dalabyggð hafði fækkað nokkuð og atvinnulíf á svæðinu átti undir högg að sækja. Þeim mun erfiðar er fyrir okkur að sætta okkur við þá þjónustuskerðingu sem hér um ræðir. Breytingar á aðgengi að þjónustu geta haft áhrif á afgreiðsluhraða og jafnframt gerir breytingin fólki sem er að senda frá sér vörur sem framleiddar eru í Dalabyggð torveldara fyrir á vissan hátt.

Staðsetning Búðardals teljum við einnig að hljóti að skipta miklu þegar ákvörðun sem þessi er tekin. Það má segja að í gegnum Búðardal og Dalabyggð liggja lífæð inn á Vestfirði og Strandir og því væri nær að huga að því að í Búðardal yrði miðstöð Póstsins og dreifingarstöð. Einnig hefur sá vetur sem nú er senn á enda sýnt fram á mikilvægi Búðardals sem ákveðinnar miðju í ljósi þess að Brattabrekka og Laxárdalsheiði eru mun oftár opnar þegar óveður geysar í samanburði við Holtavörðuheði.

Í fyrrgreindu bréfi Byggðastofnunar til okkar í Dalabyggð er vísað til 5. gr. reglna 504/2003 eins og að framan greinir og snýr hún að mikilvægum þáttum eins og staðsetningu, fyrirkomulag og öryggismál á afgreiðslustöðum fyrir póstpjónustu. Þar koma fram þau viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat Byggðastofnunarinnar á beiðni Íslandspósts um lokun í Búðardal í því tilviki sem hér um ræðir. Mikilvægt er að hugað sé að öryggisþáttum á fyrirhugðum afgreiðslustað í Búðardal m.t.t. þess pláss sem hugað er til móttöku sendinga og aðstöðu til flokkunar. Einnig höfum við áhyggjur af þeim búnaði sem til staðar er við og í núverandi húsnæði Íslandspósts í Búðardal.

1. Fjöldi íbúa á því svæði sem afgreiðslustaðnum er ætlað að þjóna.

Íbúar Dalabyggðar eru 655 og þar af búa um 250 í þéttbýlinu í Búðardal.

2. Stærð þess svæðis sem afgreiðslustaðurinn þjónar.

Dalabyggð er gríðarlega víðfeðmt sveitarfélag, er 2427 ferkílómetrar að stærð og er 14. landstærsta sveitarfélag landsins. Dalabyggð nær í suðri frá miðri Bröttubrekku, langleiðina yfir í Hrútafjörð sem leið liggur yfir Laxárdalsheiði, yfir í Gilsfjörð og sveitarfélagamörk Dalabyggðar og Sveitarfélagsins Stykkishólms eru í Álfafirði og vegalengdir innan sveitarfélags eru miklar.

3. Möguleiki íbúa á að sækja þjónustuna annað.

Næsta pósthús eftir fyrirhugaðar breytingar verður í Borgarnesi og því yfir fjallveg (Bröttubrekku) að fara og vegalengdin á þeirri leið er 80 km. Annað valkostur er Stykkishólmur og þá um Skógarströnd sem er 84,4 km. og ástand þess vegar mjög bágborið.

4. Samgöngur á svæðinu.

Þjóðvegur 60 liggur í gegnum sveitarfélagi. Vegasamgöngur eru alla jafna góðar hvað færð varðar þó vegir innan Dalabyggðar séu vondir, malarvegir nánast alveg fyrir utan veg 60.

5. Fjöldi afgreiðslna á afgreiðslustaðnum á ári.

Í erindi Íslandspósts eru ekki upplýsingar um sendingar sem berast í Búðardal en gefnar voru upp magntölur á fundi fulltrúa fyrirtækisins með fulltrúum Dalabyggðar þegar breytingarnar voru kynntar. Það er vitað að bréfasendingum hefur fækkað mikið en pakkasendingum hefur fjölgað og því er það dapurlegt að Pósturinn sé að draga úr þjónustu sinni í samfélagi þar sem ekki er um margar verslanir að ræða og íbúar þurfa að panta ýmsar nauðsynjar að, m.a. í gegnum vefverslanir og þar skiptir fyrrgreind þjónusta og aðgengi að henni miklu máli

6. Annað sem getur haft áhrif á möguleika íbúa að að sækja pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu.

Við í Dalabyggð viljum koma á framfæri skýrum og afdráttarlausum mótmælum okkar við fyrirhugaðri lokun pósthússins í Búðardal. Við erum að leita allra leiða til að styrkja innviði okkar samfélags og því skýtur þessi ákvörðun Íslandspósts skökku við að okkar mati og er í algerrni mótsögn við þau sjónarmið sem birtast í byggðaáætlun stjórnvalda. Einnig viljum við benda á að þessi ákvörðun kom okkur í opna skjöldu m.a. í ljósi þess að fyrirtækið, Íslandspóstur, hefur verið í góðu samstarfi við félagasamtök í héraðinu um framkvæmd Pósthlaupsins svokallaða og er nú þegar hafinn undirbúningur fyrir það hlaup sem hefst í Hrútafirði og endar í Búðardal, um 50 km. Hlaup sem hefur notið sívaxandi vinsælda á undanförunum árum. Þó hlaupið sjálft sé algert aukaatriði í stóru myndinni sem hér um ræðir og þeirri þjónustuskerðingu sem af þessari ákvörðun hlýst þá skiptir þetta allt máli í heildarmyndinni sem við okkur blasir í Brothættri byggð sem Dalabyggð er eins og framan greinir en við erum í sóknarhug og því sættum við okkur alls ekki við þá ákvörðun sem hér um ræðir og förum því fram á að hún verði endurskoðuð og ákvörðun tekin um áframhaldandi rekstur í Búðardal í ljósi mikilvægrar staðsetningar starfseminnar hér.

Mótmælum Dalabyggðar er hér með komið á framfæri og væntum við viðbragða við þeim frá bæði Byggðastofnun og Íslandspósti með von og trú um að fyrirhuguð áform verði endurskoðuð.

Virðingarfyllst,

Björn Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri